



## 23. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2021-2023 Þriðjudagur 19. apríl 2022 kl. 17:00

Mætt til fundar: Hannes S. Jónsson formaður (HSJ), stýrir fundi. Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir varaformaður (GNE), Guðni Hafsteinsson (GH) gjaldkeri, Lárus Blöndal (LB) fór 19:30, Jón Bender (JB) mætti 17:55, Einar Karl Birgisson (EKB), Herbert S. Arnarson (HSA), Guðrún Kristmundsdóttir (GK) og Erlingur Hannesson (EH).

Forföll boðaði: Birna Lárusdóttir annar varaformaður (BL).

HSJ ritaði fundargerð

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð hefur verið send rafrænt og engar athugasemdir borist.

### 2. Breytingar á keppnisfyrirkomulagi yngri flokka

Stjórn samþykkir að gera breytingar á flokkaskiptingu elstu yngri flokka í samræmi við niðurstöðu fundar með aðildarfélögunum í lok mars. Málinu er vísað til mótanefndar til frekari útfærslu, en meðal atriða sem á eftir að útfæra er leikjafjöldi, keppnisfyrirkomulag og sérreglur hvers flokks. Upplýsingar verða sendir sem allra fyrst til aðildarfélaga.

### 3. Málefni erlendra leikmanna

Farið yfir tillögur vinnunefndar stjórnar um málefni erlendra leikmanna. Mikill tími hefur verið í málið undanfarnar vikur þar sem stjórn vill vinna málið vel og reyna það sem hægt er til að koma til móts við vilja margra félaga. Miklar umræður um málið. Ákveðið að boða til formenn félaga í Subway deildum til fjarfundar sumardaginn fyrsta, fimmtudag 21. apríl kl. 11:00.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19:40. HSJ boðar til næsta fundur stjórnar sem halda þarf fyrir lok apríl mánaðar.